Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Vatnsendi, svæði milli vatns- og vegar

## Vatnsendablettur 5, Lindarhvammur / Breytt deiliskipulag

KYNNINGARUPPDRÁTTUR
DRÖG

Breyting skv. 2 mgr.43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. XX.

ONE / 2109353

**Greinagerð:** Vísað er í gildandi deiliskipulagsáætlun "Vatnsendi, svæði milli vatns og vegar", samþykkt í bæjarstjórn 8.maí 2001.

Deiliskipulagsbreyting:

Tillagan að breytingu tekur aðeins til lóðar Vatnsendabletts 5.
Forsenda fyrirhugaðra breytingar er nýr landnotkunarreytur fyrir íbúðarsvæði í suðvestur horni lóðarinnar Vatnsendablettur 5, sem komið var fyrir í Aðalskipulagi Kópavogs 2019 - 2040. Skilgreint íbúðarsvæði lóðarinnar hefur því stækkað og er það ósk lóðarhafa að gefa fjölskyldu sinni tækifæri á að byggja sér framtíðarheimili á þessu nýskilgreinda svæði.

Í breytingunni felst að lóðarmörk verði samræmd við gildandi mæliblað við frá 2004. Skipulagsmörk deiliskipulagsins og aðliggjandi deiliskipulag til norðurs verða aðlöguð að núverandi lóðarmörkum við Vatnsendablett 5. Þeas "Vatnsendi, svæði milli vatns og vegar" - samþykkt í bæjarstjórn 8. maí 2001 og "Vatnsendi - Reitur F2" samþykkt í bæjarstjórn 27. maí 2003. Verður það gert samhliða öðrum efnislegum breytingum á deiliskipulaginu.
Í tillögunni er óskað eftir að deila upp núverandi lóð í tvær lóðir.

| Lóðarstærðir og nýtingarhlutfall | | | |
|---|---|---|---|
| Lóð | Stærð | Byggingamagn | Nýtingarhlutfall |
| Vatnsendablettur 5 - fyrir breytingu | 15.213m² | 335,7m² | 0,02 |
| Vatnsendablettur 5 - eftir breytingu | 13.404m² | 335,7m² | 0,03 |
| Vatnsendablettur 5A - eftir breytingu | 1.809m² | 300m² | 0,17 |

Lagt er til að heimkeyrslan verði óbreytt, frá Elliðahvammsvegi. Gerð verður afrein frá núverandi heimkeyrslu að nýju íbúðarhúsi við Vatnsendablett 5A. Aðkoman verður því sameiginleg og kvöð gerð um aðkomu á lóð Vatnsendabletts 5.
Á nýrri lóð við Vatnsendablett 5A verður komið fyrir byggingarreit að stærð 350m² (13x27m) þar sem hámarksbyggingarmagn verður 300m², staðsettur samkvæmt uppdrætti. Einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr með hámarksgrunnflöt uppá 260m². Hámarkshæð byggingar verður 6,5m og þakform frjálst.
Einnig er lagt til að samræma reið- og göngustíga við núverandi aðstæður. Gert var ráð fyrir að reiðstígur og gönguleið lægi um lóð Vatnsendabletts 5 en bæði hefur verið staðsett fyrir utan lóðarmörk.
Að öðru leiti eru skilmála í gildandi deiliskipulagsáætlun óbreyttir.

**Skýringar**

- Ytri byggingarreitur
- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðamörk
- 1000m² — Flatarmál lóða
- 1h+kj — Fjöldi hæða og kjallari
- Byggingarreitur
- Reiðstígur

Kópavogi, dags.

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi




**Skýringarmynd:** Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Staðfest 28.12.2021




**Deiliskipulag:** Vatnsendi, svæði milli vatns og vegar í mkv. 1:2000. Samþykkt í bæjarráði / bæjarstjórn 9 maí 2001




**Tillaga að breyttu deiliskipulagi:** Vatnsendablettur 5A, ásamt áorðnum breytingum á svæði og götu fyrir sunnan reitinn, í mkv. 1:2000. Sjá deiliskipulag 'Vatnsendablettur 730-739 (Gilsbakkavegur og húsagata A)'




**Gildandi deiliskipulag með á orðnum breytingum:** sneiðing B-B í mkv. 1:1000




**Tillaga að breyttu deiliskipulagi:** neiðing B-B í mkv. 1:1000




**Gildandi deiliskipulag með á orðnum breytingum:** sneiðing A-A í mkv. 1:1000




**Tillaga að breyttu deiliskipulagi:** sneiðing A-A í mkv. 1:1000



**Skýringaruppdráttur:** Mögulegt útlit hússins (SA horn)



**Skýringaruppdráttur:** Mögulegt útlit hússins (NV horn)
**Skýringaruppdráttur / hönnuður:** Vektor hönnun og ráðgjöf

* Á uppdráttum þessum er notast við Landshæðakerfið, eins og á kortasjá Kópavogsbæjar.

C:\Users\Notandi\VEKTOR Dropbox\vektor Team Folder\L\Lindarhvammur\kynningaruppdrattur Fyrir Deiliskipulagsbr\kynningaruppdrattur Fyrir Deiliskipulagsbr\kynningaruppdrattur V Deiliskipul V5a Nytt 7.11.2022 Hildur.dwg

KÓPAVOGSBÆR
Umhverfissvið / Skipulagsdeild
Kópavogi, 12.12.2022.

A3